

Árskýrsla 2004

*Umsjón: Guðmundur Guðmundsson
Umbrot og prentvinnsla: NÝPRENT, Sauðárkróki
Ljósmyndir: Odd Stefán og Nýprent*

Efnisyfirlit

Byggðastofnun á tímamótum	5
Inngangur	9
Skipulag og starfsemi	14
Starfsemi þróunarsviðs	15
Fjárhagur og rekstur	20
Ársreikningur Byggðastofnunar 2004	23
Útborgaðir styrkir og hlutafé	32
Framlög til atvinnuþróunarfélaga	33
Lög um Byggðastofnun	37
Reglugerð fyrir Byggðastofnun	39

Stjórn Byggðastofnunar



*Herdís Á. Sæmundardóttir
formaður*



*Guðjón Guðmundsson
varaformaður*



Arnbjörg Sveinsdóttir



Drífa Hjartardóttir



Gunnlaugur Stefánsson



Þorvaldur T. Jónsson



Örlygur Hnefill Jónsson



*Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri*

Byggðastofnun á tímamótum

Þann 1. október n.k. verða 20 ár liðin frá því er Byggðastofnun tók til starfa. Með lögum nr. 64/1985 var Byggðastofnun komið á fót sem sjálfstæðri ríkisstofnun er heyrði undir forsætisráðherra og tók hún við hlutverki Byggðasjóðs sem var vistaður hjá Framkvæmdastofnun ríkisins. Var sú aðgerð hluti af víðtækri uppstokkun á sjóðakerfi ríkisins og líkt og var um Framkvæmdastofnun áður kaus sameinað Alþingi sjö manna stjórn Byggðastofnunar.

Samkvæmt 2. gr. laganna var hlutverk Byggðastofnunar að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Þetta skyldi stofnunin gera með því að fylgjast með þróun byggðar í landinu, með áætlanagerð um byggða- og atvinnuþróun, og með því að veita lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m.a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir óæskilega byggðaröskun.

Með lögum nr. 106/1999 var ýmsum þáttum í starfsemi Byggðastofnunar breytt. Með þeim lögum var Byggðastofnun flutt undir valdsvið iðnaðarráðherra og í stað þingkjörinnar stjórnar er hún nú skipuð af iðnaðarráðherra. Samhliða voru ráðherra fengnar auknar heimildir til að hafa áhrif á starf stofnunarinnar. Þá var í lögnum lögð meiri áhersla en áður á rannsóknarhlutverk Byggðastofnunar á sviði byggða- og atvinnuþróunar.

Þann 1. júlí 1998 var þróunarsvið Byggðastofnunar flutt norður til Sauðárkróks og 31. maí 2001 var öll starfsemi stofnunarinnar flutt þangað.

Á þeim tíma sem liðinn er hefur mikið vatn til sjávar runnið og á ýmsu gengið í þróun byggðar. Við höfum á þessum tíma orðið vitni að gríðarlegum breytingum á

atvinnuháttum, á lífsmáta fólks og skilyrðum til búsetu. Störfum í frumframleiðslugreinum hefur fækkað í takt við nýja tíma með nýrri tækni og örri framþróun á öllum sviðum. Í stað þeirra skapast ný atvinnutækifæri sem m.a. byggja á öflugri fjarskiptatækni. Það veltur hins vegar á menntuninni og þekkingunni annars vegar og útbreiðslu háhraðanettenginga hins vegar hvar þessi nýju atvinnutækifæri verða til. Það er því afar mikilvægt viðfangsefni að auka aðgengi fólks um hinar dreifðu byggðir að námi við hæfi og jafnframt að tryggja að viðeigandi fjarskiptatækni nái til allra íbúa landsins, þannig að allir sitji við sama borð hvað varðar möguleika til að nýta nýja tækni til atvinnuuppbyggingar.

Á þessum tíma hafa einnig orðið ýmsar breytingar á starfsemi og starfsháttum Byggðastofnunar, þótt meginmarkmið og hlutverk hennar sé hið sama – að vera fyrirtækjum og fólki á landsbyggðinni sterkur bakhjarl, sem vinnur ötullega að eflingu atvinnulífs og styrkingu skilyrða til búsetu. Bakhjarl sem annars vegar veitir fyrirtækjum fjárhagslega fyrirgreiðslu með lánveitingum, ábyrgðum, hlutafjárkaupum og styrkjum og sem hins vegar gegnir veigamiklu hlutverki í rannsóknum, ráðgjöf og upplýsingaöflun um þróun byggðar, breytingar á atvinnuháttum og búsetuskilyrðum almennt sem nýtist stjórnvöldum sem og öðrum sem koma að byggðamálum á einhvern hátt. Þá eru ófá þau samstarfsverkefni sem Byggðastofnun tekur þátt í með ýmsum aðilum, bæði innlendum og erlendum og sem miða öll að því að efla dreifðar byggðir og gera þær hæfari til að takast á

við allar þær miklu og öru breytingar sem óhjákvæmilega fylgja nútímanum. Þetta hlutverk er oft á tíðum ekki ýkja sýnilegt en engu að síður afar mikilvægt.

Byggðastofnun, lögum samkvæmt, skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra aðila sem vinna að atvinnuráðgjöf á einstökum svæðum. Samstarfið við atvinnuþróunarfélögin er afar gott og það form sem nú er á þessu samstarfi, þar sem unnið er eftir sérstökum samstarfssamningum, er að mati stofnunarinnar mjög gott.

Á síðasta ári var sérstök byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð samþykkt og í kjölfarið var undirritaður sérstakur vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Vaxtarsamningur er framkvæmdaáætlun (tíma-, vinnu- og kostnaðaráætlun) um nýsköpun á tilgreindum sviðum atvinnumála fyrir tiltekið svæði. Hann byggir á samkomulagi opinberra aðila og einkaaðila um leiðir til að ná settum markmiðum. Hann er aðferð til þess að leiða saman mennta- og rannsóknastofnanir og fyrirtæki á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

Ein meginhugmynd í þessum vaxtarsamningi og sem kalla má nýmæli í byggðaþróunarstarfi, er svo kölluð klasahugmynd, þar sem leitast er við að tengja saman fyrirtæki og stofnanir sem á einhvern hátt geta unnið saman og nýtt styrkleika hvers annars, jafnvel þótt viðkomandi fyrirtæki og stofnanir séu að einhverju leyti í samkeppni. Fyrir utan að tengja aðila saman í þeim tilgangi að efla einstök fyrirtæki og styrkja þannig atvinnustarfsemi á einstökum svæðum má segja að slík klasahugmynd sem nær til fjölda fólks, sé vel til þess fallin að virkja íbúana sjálfa, að skapa umræðu um byggðaþróun og byggðamál og það sem mestu máli skiptir, að virkja þann kraft og

þær hugmyndir og þekkingu sem íbúarnir sjálfir búa yfir.

Í febrúar s.l. var lögð fram skýrsla um byggðamál á Vestfjörðum og í framhaldi af henni var undirritaður sams konar vaxtarsamningur fyrir Vestfirði 31. maí síðastliðinn. Unnið er að vaxtarsamningi fyrir Suðurland með sérstakri áherslu á Vestmannaeyjar.

Markmið vaxtarsamninga er að efla byggðakjarna með því að byggja á styrkleikum svæða og skilvirku samstarfi einkaaðila og opinberra aðila. Útfærslan er að erlendri fyrirmynd og nokkuð nýstárleg. Áhersla er lögð á samkeppnishæfni atvinnulífs þar sem byggt er á markaðstengdum aðgerðum, stefnumörkun fyrir vaxtargreinar á svæðinu, samstarfi aðila á viðkomandi sviði með netsamstarfi, klösum og stuðningsverkefnum.

Líklegt er að gerðir verði fleiri slíkir vaxtarsamningar á milli stjórnvalda og einstakra svæða á næstu misserum. Í samningum af þessu tagi er horft til styrkleika og veikleika einstakra svæða í heild sinni og reynt að nýta styrkleikana til að efla efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan grunn viðkomandi svæðis í stað þess að horfa einangrað á einstök fyrirtæki eða einstakar atvinnugreinar.

Á síðasta ári var einnig undirritaður samstarfssamningur milli Byggðastofnunar og Listahátíðar. Samningurinn felur í sér að árlega skuli á grundvelli umsókna valdir þrír framúrskarandi menningarviðburðir á landsbyggðinni og þeir verðlaunaðir og kynntir sérstaklega í tengslum við Listahátíð. Í janúar voru í fyrsta sinn veitt verðlaun samkvæmt samningi þessum og fór verðlaunaafhendingin fram við hátíðlega athöfn að Bessastöðum. Verðlaunin hafa fengið nafnið „Eyrarrós“ og er Dorrit

Moussaieff forsetafrú verndari þeirra. Líkt og blómið sjálft getur lifað í grýttum jarðvegi um land allt, þá geta einnig menningar- og listviðburðir dafnað og þrífist við misjafnar aðstæður. Sá mikli fjöldi umsókna sem bárust í þetta fyrsta sinn ber glöggt vitni þar um. Það er mikilsvert að hafa í huga að menning og listir eru ekki einungis auðgandi fyrir andann, heldur ekki síður atvinnuskapandi ef vel er á málum haldið.

Á umliðnum misserum hefur atvinnurekstur kvenna verið mikið til umræðu. Rannsóknir sýna að konur reka einungis um það bil 20% fyrirtækja á Íslandi. Ástæður þessa eru að sjálfsögðu margvíslegar, en ein af þeim er talin vera sú að konur eigi af ýmsum ástæðum ekki eins greiðan aðgang að stoðkerfi atvinnulífsins og karlar. Bygðastofnun ásamt iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og Bændasamtökunum tóku nýverið þátt í samanburðarrannsókn sem gerð var á stöðu kvenna í fyrirtækjarekstri og landbúnaði í fimm löndum. Þessi rannsókn staðfestir að margvíslegra úrbóta er þörf til að efla atvinnurekstur kvenna, ekki síst á þeirri forsendu að kraftar kvenna séu nýttir til jafns á við krafta karla í þágu nýsköpunar og eflingar efnahagslífs þjóðarinnar. Í kjölfar rannsókna þessarar hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra falið Bygðastofnun að kanna hvort innra skipulag og starfshættir stofnana sem vinna að stuðningi við atvinnulífið þarfnist endurskipulagningar sem miði að því að laða að konur sem viðskiptavinir til jafns á við karla.

Bygðastofnun tekur þátt í margvíslegu erlendu samstarfi. Annars vegar er um að ræða þátttöku í starfi nefnda og stofnana á vegum Norðurlandaráðs. Hins vegar eru skrifstofur NPP og NORA á Íslandi vistaðar hjá Bygðastofnun. Starfsmenn Bygðastofnunar eru fulltrúar Íslands í sérfræðiráði og stýrihópi rannsóknaráætlunar Nordregio

sem er rannsóknarstofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og stundar rannsóknir á byggðamálum. Starfsmaður Bygðastofnunar er fulltrúi Íslands í Norrænu embættismannanefndinni um byggðamál (NERP). Nefndin er eins og nafnið gefur til kynna samstarfsvettvangur norrænu landanna um byggðamál. Yfirmensjón með starfinu hafa ráðherrar byggðamála á Norðurlöndum. Samstarfið byggir á samstarfsáætlun og var sú áætlun sem nú gildir og nær til ára 2005-2008, samin á síðasta ári en þá gegndi fulltrúi Íslands í NERP formennsku í nefndinni. Ljóst er að norrænt samstarf á sviði byggðamála mun taka breytingum á næstu árum vegna aðildar þriggja fjölmennustu Norðurlandanna að Evrópusambandinu. Kemur það meðal annars í ljós í aukinni áherslu á samstarf Norðurlandanna til austurs og suðausturs, einkum við Eystrasaltslöndin en einnig Rússland og við fleiri lönd.

NORA, sem er stytting fyrir Norrænu Atlantsnefndina, er eitt af grannsvæðaverkefnum NERP og nær til Íslands, Færeyja, Grænlands og Noregs. NORA er ætlað að vinna að aukinni samvinnu aðildarlandanna, einkum á sviði auðlinda hafsins, ferðamennsku, upplýsinga- og fjarskiptatækni og öðru svæðasamstarfi. NORA nýtur hærri fjárframlaga frá NERP en greidd eru vegna annarra grannsvæði. NPP, eða Northern Periphery Programme, er ein af INTERREG áætlunum Evrópusambandsins sem nær til landamærasvæða. Ísland Færeyjar, Grænland og Noregur eru aðilar að NPP ásamt Evrópusambandslöndunum Skotlandi, Svíþjóð og Finnlandi. NPP er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum meðal svæða á norðlægum slóðum í Evrópu. Áherslur verkefna geta tengst samgöngu- og fjarskiptamálum, atvinnuþróun eða eflingu samfélaga. Eins og áður er fram komið sér Bygðastofnun um skrifstofur NORA og NPP á Íslandi.

Nýlega átti stjórn Bygðastofnunar þess kost að kynna sér stefnu og starf hjá Evrópusambandinu í byggðamálum og jafnframt hvernig nágrannar okkar á Norðurlöndunum og í Skotlandi vinna að byggðamálum á sínum svæðum. Það er engum vafa undirorpið að byggðamál og þróun atvinnulífs og búsetu í hinum dreifðari byggðum skipar stóran sess í starfi Evrópusambandsins. Það er enda mikilvæg forsenda efnahagslegrar sem og menningarlegrar hagsældar að hlúa að hinum dreifðari byggðum og skilyrðum til búsetu. Ákaflega mikilvægt er að nýta gögn og gæði landsins með skynsamlegum hætti og það er ekki síður mikilvægt að nýta félagsauðinn og margbreytnina í menningu og lífsháttum til að skapa ný atvinnutækifæri og feta nýjar leiðir til að treysta byggðirnar í landinu. Ljóst er að mikið starf á sviði byggðamála fer fram í samstarfi þjóða á milli. Ég tel mikilvægt að Bygðastofnun leggi aukna áherslu á að fylgjast með því sem er að gerast í byggðamálum hjá nágrannaþjóðum okkar og Evrópusambandinu og að upplýsingum þar um verði miðlað jafnt til þeirra sem um byggðamál fjalla sem og almennings. Af almennri umræðu mætti stundum ætla að byggðaaðgerðir séu alveg séríslenskt fyrirbrigði. Þessari ímynd þarf að breyta. Umræður um byggðamál og byggðaaðgerðir sem miða að því að jafna búsetu- og lífsskilyrði fólksins í landinu er sjálfsagður og eðlilegur hluti íslenskrar stjórnsýslu. Bygðastofnun er mikilvægur vettvangur íslenskra stjórnvalda til að hafa áhrif á búsetu og atvinnuuppbyggingu í landinu.

Sem kunnugt er hefur fjárhagsstaða Bygðastofnunar versnað talsvert á allra síðustu árum, fyrst og fremst vegna mikilla breytinga á lánsfjármarkaði, en einnig vegna mikilla afskrifta útlána. Stjórn og starfsmönnum er vel ljóst að við svo búið verður ekki unað. Það hafa einnig verið uppi töluverðar vangaveltur um réttmæti og tilgang stofnunar eins og Bygðastofnunar í þeirri samkeppni sem nú ríkir á öllum sviðum, ekki síst á fjármálamarkaði. Það er af hinu góða og ákaflega mikilvægt að menn velti fyrir sér hvert hlutverk ríkisins eigi að vera í byggða- og atvinnuþróun á hverjum tíma og hvernig opinbert stuðningskerfi á að vera. Um þessar mundir fer fram endurskoðun á hlutverki, markmiðum og starfsháttum Bygðastofnunar í þeim tilgangi að gera hana hæfari til að gegna hlutverki sínu. Það er ákaflega mikilvægt að stofnunin sé lifandi stofnun, sem gangi í takt við nýja tíma og taki breytingum í samræmi við breytingar í atvinnuháttum landsbyggðarinnar og lagi sig jafnframt að breytingum á fjárhagslegu umhverfi atvinnulífsins almennt.

Bygðastofnun hefur á að skipa ákaflega hæfu starfsfólki með fjölbreytta reynslu og þekkingu í sínu farteski. Þeim öllum, sem og stjórnarmönnum færi ég mínar bestu þakkir fyrir góð kynni og afar gott samstarf á umliðnu ári.

*Herðís Á. Sæmundardóttir
formaður stjórnar Bygðastofnunar*

Inngangur

Óhætt er að fullyrða að nú séu miklir umbrotatímar í rekstri Byggðastofnunar á 20. aldursári hennar.

Á árinu 2004 hófst umbrotaskeið á íslenskum fjármagnsmarkaði sem hefur í för með sér stórfelldar breytingar á rekstrarumhverfi Byggðastofnunar. Veruleg vaxtalækkun hefur undanfarna mánuði orðið á langtímalánum á íslenskum lánamarkaði. Mikil samkeppni viðskiptabankanna hefur leitt til þess að fjölmörgum úr hópi viðskiptavina Byggðastofnunar bjóðast nú betri vaxtakjör en stofnunin getur boðið, og hafa þeir því greitt upp lán sín við stofnunina. Þannig má ætla að uppgreiðslur lána Byggðastofnunar á árinu 2004 nemi allt að tveimur milljörðum króna. Þetta leiðir til þess að hreinar vaxtatekjur stofnunarinnar dragast stórlega saman, voru 441 m.kr. árið 2003, en nema tæpum 270 m.kr. árið 2004. Haldi þessi þróun áfram mun stofnunin sitja eftir með mun veikara útlánasafn en áður og hætt er við að vanskil sem hlutfall af heildarútlánum aukist. Að óbreyttu mun þetta á næstu mánuðum hafa veruleg áhrif á alla starfsemi stofnunarinnar og skerða enn frekar getu hennar til að þola þá áhættu sem jafnan leiðir af lánastarfsemi af þessu tagi.

Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að verulega mikil útlánatöp undanfarinna ára eru auðvitað farin að hafa mjög mikil áhrif á efnahag stofnunarinnar, óháð þeim breytingum sem orðnar eru á lánsfjármarkaði og áður hefur verið lýst. Framlag úr ríkissjóði til starfseminnar á árinu 2004 nam 307 m.kr. Ekki var um að ræða sérstök framlög úr ríkissjóði í

afskriftarreikning Byggðastofnunar á árinu. Alls greiddi stofnunin út á árinu ný lán að fjárhæð 1,3 milljarðar kr. og er það nokkur lækkun frá árinu 2003. Á árinu 2004 þurfti stofnunin að afskrifa endanlega veitt lán að fjárhæð alls 686 m.kr. samanborið við 666 m.kr. á árinu 2003. Að langstærstu leyti er þar um að ræða útlán frá árunum 1998 til og með 2000. Hefur þetta leitt til þess að eiginfjárlutfall stofnunarinnar samkvæmt reglum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur enn lækkað, og nam 9,59% í árslok 2004. Þess má til samanburðar geta að í árslok 2001 nam eiginfjárlutfall stofnunarinnar 16,45%. Það er því ljóst að þó svo að lækkandi rekstrartekjur hefðu ekki komið til hefði samt sem áður verið óhjákvæmlegt að styrkja efnahag stofnunarinnar.

Í óbreyttu umhverfi og án utanaðkomandi aðgerða blasa miklir fjárhagslegir erfiðleikar við stofnuninni. Þess vegna og til að bregðast við er nú á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðherra unnið að athugun á framtíðarkostum um rekstur stofnunarinnar og er það von mín að þeirri vinnu ljúki upp úr miðju ári 2005.

Þegar skoðað er hvaða lán hafa verið greidd upp kemur í ljós að þar er fyrst og fremst um að ræða lán með öruggum tryggingum, einkum tryggð með veði í fiskiskipum og varanlegum veiðheimildum, og skuldara sem reynst hafa öruggir greiðendur að lánum sínum og hafa sterkan efnahag. Þá vaknar að sjálfsgöðu upp sú spurning hvort lánastarfsemi af því tagi sem rekin hefur verið í Byggðastofnun eigi rétt á sér.

Þrátt fyrir mikla samkeppni á fjármagnsmarkaði og mun greiðara aðgengi að fjár-

magni nú en áður var, einnig á landsbyggðinni, er ljóst að mjög margir verða þar útundan, jafnt fyrirtæki sem einstaklingar. Þá vaknar sú spurning hvernig unnt sé að styðja við starfsemi þeirra ef viðskiptabankarnir treysta sér ekki til að mæta lánsfjárförf t.d. nýrra aðila í rekstri sem ekki hafa enn sannað sig, eða í þeim tilvikum þar sem viðskiptabankarnir meta þær veðtryggingar sem í boði eru verðlaugar, eins og fjölmörg dæmi eru auðvitað um.

Undanfarnar vikur og mánuði hefur átt sér stað umræða innan Bygðastofnunar um stöðu hennar og framtíðarhlutverk í breyttu viðskiptaumhverfi. Ljóst er að á undanförunum misserum hafa orðið miklar breytingar að því er varðar stoðkerfi atvinnulífs á landsbyggðinni þar sem fleiri aðilar og stofnanir koma nú að málum en áður, og í einhverjum tilvikum er um skörun að ræða í verkefnum og viðfangsefnum. Gildir þetta bæði um útlánastarfsemi sem og hlutafjárkaup og styrkveitingar. Þetta kallar á nýjar áherslur og ný vinnubrögð af hálfu Bygðastofnunar þar sem skýr framtíðarsýn er lykilatriði. Skilgreina þarf upp á nýtt tilgang og hlutverk stofnunarinnar, annars vegar sem fjármálastofnunar og hins vegar sem verkfæris stjórnvalda á sviði byggða- og atvinnuþróunar.

Brýn þörf er á að samþætta krafta allra þeirra opinberu sjóða sem þjóna fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, með höfuðáherslu á landsbyggðina, hvað varðar alhliða fjárstuðning við atvinnulífið, hvort sem er í formi lánastarfsemi, hlutafjárþátttöku, veitingu stofnstyrkja, ábyrgða, eða annars konar verkefnafjármögnunar. Með nýjum áherslum yrði verkaskiptingin mun skýrari í stoðkerfi

atvinnulífsins. Almenn einföldun, eða grundvallarbreytingar á stoðkerfi atvinnulífsins er sjálfstætt og verðugt rannsóknarefni.

Í opinberri umræðu á Íslandi gætir þess stundum að hugtakið byggðastefna hafi á sér heldur neikvæðan blæ og sé jafnvel á einhvern hátt skammarlegt. Staðreyndin er þó sú að í alþjóðlegum samanburði eru framlög til þessara málaflokka mun hærrí víða í heiminum. Sérhvert siðmenntað samfélag sem virðir gildi menntunar, menningar, velferðar, samhjálpar, samkeppnishæfni og framfara í frjálsu atvinnulífi hlýtur að framfylgja byggðastefnu, enda eru byggðabreytingar hluti af öflugum atvinnulífi og frjóu þjóðlífi. Það er skoðun mín að það að framfylgja byggðastefnu sé ekki umdeilt í íslensku þjóðfélagi. Framkvæmdir í byggðamálum eru umdeildar, svo og athafnaleysi, en ekki það að framfylgja byggðastefnu.

Á árinu 2003 ákvað ríkisstjórn Íslands að verja 700 m.kr. til átaks í nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Var Bygðastofnun falið að ráðstafa 500 m.kr. af þessu fé, 350 m.kr. til hlutafjárkaupa í álitlegum sprotafyrirtækjum, og 150 m.kr. til stuðningsverkefna sem væru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun og að efla til frambúðar grunngerð viðkomandi samfélags. Vinna við átak þetta stóð yfir árin 2003 og 2004. Það er mat Bygðastofnunar að vel hafi tekist til og að góðar líkur séu til að fjölmörg þessara verkefna skili varanlegum árangri til frambúðar.

Á grundvelli þessa átaks hefur stofnunin lagt fram hlutafé í alls 23 hlutafélögum alls að fjárhæð 350 m.kr.

Meðal þeirra verkefna sem stofnunin hefur lagt fram hlutafé til má nefna

Skagann ehf. á Akranesi þar sem unnið er að mjög merkilegri nýsköpun í tæknivæðingu við úrvinnslu sjávarafurða, sem mun ef vel tekst til skila verulegri hagræðingu fyrir landvinnsluna og styrkja rekstrargrundvöll hennar til frambúðar. Félagið á að baki mikið og gott þróunarstarf sem er að bera ríkulegan ávöxt. Um öflugt fyrirtæki er að ræða þar sem starfa um 70 manns.

Þá gerðist Byggðastofnun aðili að Baðfélagi Mývatnssveitar ehf. Sérstaða jarðbaðanna felst í nýtingu hreinnar náttúrulegrar jarðgufu háhitasvæðisins við Mývatn sem er einstakt í íslenskri náttúru. Aldalöng hefð er fyrir jarðböðum við vatnið. Aðsókn að jarðböðunum hefur farið langt fram úr væntingum aðstandenda fyrirtækisins og er ljóst að fyrirtækið styrkir mjög verulega rekstrargrundvöll annarra ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Á sviði landbúnaðar er stofnunin nú þátttakandi í mjög áhugaverðum nýsköpunarverkefnum. Meðal verkefna á því sviði þar sem stofnunin hefur lagt til hlutafé er ORF Líftækni ehf., en það er sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun á erfðabættum plöntum til hagkvæmrar framleiðslu á verðmætum sérvirkum próteinum. Með nýjustu líftækniaðferðum sem byggja á aukinni þekkingu á líffræði plantna eru plöntunum gefin „fyrirmæli“ um að framleiða fyrirfram ákveðin sérvirk prótein í tilteknum vefjum eða hlutum plöntunnar, s.s. fræjum, laufum eða rótum. ORF einbeitir sér að notkun á byggi í þessum tilgangi en það gefur möguleika á

þróun afburðakerfis til framleiðslu á sérvirkum próteinum fyrir lyfjagerð, iðnað og landbúnað.

Annað félag á sviði landbúnaðar sem Byggðastofnun hefur gerst þátttakandi í er Feyging ehf. í Þorlákshöfn, en félagið var stofnað árið 1999 með það að markmiði að kanna hagkvæmni þess að vatnsfeygja hör og selja framleiðsluna til textílfyrirtækja á alþjóðlegum markaði. Félagið stefnir að framleiðslu hágæðatrefja og að því að ná þannig samkeppnisforskoti á valla-feygðan hör frá Evrópu. Að baki er mikill og vandaður undirbúningur.

Ekki er að efa að ef vel tekst til skapast mikil tækifæri til nýsköpunar í íslenskum landbúnaði og veitir ekki af. Öll eru þessi verkefni og fjölmörg fleiri dæmi um það sem kalla mætti vel heppnaðar byggðaaðgerðir. Í yfirliti um starfsemi þróunarsviðs Byggðastofnunar hér síðar í ársskýrsluninni verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra stuðningsverkefna sem stofnunin hefur átt frumkvæði að eða er með öðrum hætti þátttakandi í. Þá er stofnunin einnig aðili að erlendum samstarfsverkefnum á sviði byggðamála af Íslands hálfu. Nánari grein verður gerð fyrir þessu og ýmsum verkefnum stofnunarinnar í kynningarefni sem ákveðið hefur verið að gera til kynningar á starfsemi stofnunarinnar og þeim verkefnum sem hún vinnur að.

Ársfundur Byggðastofnunar 2004 var haldinn á Sauðárkróki þann 2. júlí. Að honum loknum var haldið málþing um stöðu sveitarstjórnarstigsins og byggðapróun á Íslandi.

Framsögumenn voru Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kolfinna Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi í Borgarbyggð, Smári Geirsson, bæjarfulltrúi í Fjarðarbyggð og Halldór V. Kristjánsson, sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar.

Það er von mín að Byggðastofnun eigi

með breyttum áherslum og skýrri stefnumörkum eftir að vaxa og eflast til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem undir hana heyra. Af nógu er að taka.

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri Byggðastofnunar

Stjórn Byggðastofnunar

Herdís Á. Sæmundardóttir, formaður
 Guðjón Guðmundsson, varaformaður
 Arnbjörg Sveinsdóttir
 Drífa Hjartardóttir
 Gunnlaugur Stefánsson
 Þorvaldur T. Jónsson
 Örlýgur Hnefill Jónsson

Skrifstofa forstjóra

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri

Þróunarsvið

Snorri Björn Sigurðsson
 Árni Ragnarson
 Guðmundur Guðmundsson
 Halldór V. Kristjánsson
 Hildur Claessen
 Sigríður Elín Þórðardóttir
 Sigríður K. Þorgrímsdóttir
 Þórarinn Sólmundarson

Ráðgjafar

Bjarnheiður Jóhannsdóttir

Fyrirtækjaskvæði

Anna Lea Gestrsdóttir
 Matthildur Ingólfssdóttir
 Pétur Grétarsson

Rekstrarsvið

Magnús Helgason
 Elísabet J. Gunnarsdóttir
 Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir
 Jóhanna Birgisdóttir
 Lovísa Símonardóttir

Lögfræðisvið

Hjalti Árnason
 Helga Eyjólfssdóttir
 Margrét Helgadóttir

Stjórn og starfsfólk Byggðastofnunar

Skipulag og starfsemi

Í stjórn Byggðastofnunar sitja sjö menn sem iðnaðarráðherra skipar samkvæmt lögum sem tóku gildi 1. janúar 2000. Ný stjórn var skipuð á ársfundi Byggðastofnunar, sem haldinn var á Sauðárkróki 2. júlí 2004. Stjórnin ákveður starfsskipulag stofnunarinnar að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð, samþykkir starfsáætlun, rekstraráætlun og fjallar um skýrslur um starfsemina. Stjórnin mótar stefnu stofnunarinnar, tekur ákvarðanir um stærri rekstrarmálefni svo og lánskjör og lántökur. Árið 2004 hélt stjórnin 12 fundi. Forstjóri annast daglega stjórn Byggðastofnunar og gerir tillögur til stjórnar um þá þætti sem hún skal ákveða. Forstjóri ræður starfsfólk að stofnuninni. Öll regluleg starfsemi Byggðastofnunar er á Sauðárkróki. Á skrifstofunni eru fyrirtækjasvið, lögfræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið. Fyrir-

tækjasvið fjallar um umsóknir um lán og styrki og annast úttektir og ráðgjöf til fyrirtækja. Lögfræðisvið hefur umsjón með lögfræðilegri þjónustu, innheimtu og skjalagerð. Rekstrarsvið sér um bókhald, greiðslur, innheimtu lána og rekstrar- og greiðsluáætlanir. Þróunarsvið hefur umsjón með úttektum og öðru þróunarstarfi. Þróunarsvið sér einnig um að samræma starf atvinnuþróunarfélaga sem starfa með stuðningi Byggðastofnunar. Stofnunin sinnir ýmsu samstarfi í byggðamálum fyrir Íslands hönd.

Starfsmenn Byggðastofnunar á Sauðárkróki voru 21 um áramót, en að auki starfaði atvinnu- og jafnréttisráðgjafi í Þorlákshöfn.



Starfsemi þróunarsviðs

Eins og fram kemur í lögum og reglugerð fyrir Byggðastofnun þá er hlutverk þróunarsviðs að annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hafa umsjón með úttektum, rannsóknnum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs. Á heimasíðu Byggðastofnunar „www.byggðastofnun.is“ er að finna nánari upplýsingar um starfsvið þróunarsviðsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu þáttum á starfsemi þróunarsviðsins

Atvinnuþróunarfélögin

Atvinnuþróunarfélögin eru eins og á undanförunum árum einn aðal samstarfsaðili þróunarsviðsins. Fjárveiting til atvinnuráðgjafarstarfseminnar á fjárlögum 2005 hækkar í 126,2 m. kr. úr 119,3 m. kr. árið áður. Samningar þeir sem gerðir voru við félögin í ársbyrjun 2003 eru ótímabundnir en með uppsagnarákvæðum og skapa því atvinnuþróunarfélögunum stöðugra umhverfi en áður hefur verið. Samstarfið við félögin var með ágætum á árinu.

Gott samstarf var sömuleiðis við atvinnuþróunarfélögin varðandi úthlutun styrkja til atvinnuskapandi stuðningsverkefna af 150 milljóna króna fjárveit-

ingu sem ríkisstjórnin ákvað að verja í því skyni. Voru félögin sjálf leiðandi í mörgum verkefnum og aðstoðuðu við umsóknir og undirbúning í öðrum. Eins og áður voru gerðir verkefnasamningar við félögin um margvísleg verkefni.

Ljóst er að mjög misjafnt ástand er á starfssvæðum félaganna og setur það að sjálfsögðu mark sitt á starfsemi þeirra. Víða er mikið um að vera og mikill uppgangur en annars staðar er háð varnarbarátta.

Byggðaáætlun 2006-2009

Vinna við byggðaáætlun 2006-2009 hefur staðið frá haustdögum 2004 þegar starfsmenn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og Byggðastofnunar lögðu línur fyrir endurskoðunina á vinnufundum í ráðuneytinu. Upphafið má rekja til ræðu Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, á ársfundi Byggðastofnunar 2004. Í ræðu hennar kom fram að tímabært væri að huga að gerð nýrrar áætlunar fyrir tímabilið 2006-2009 og að Byggðastofnun kæmi ákveðið að þeirri vinnu með iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Á Byggðastofnun hefur verið unnið samfellt að nýrri áætlun og hafa flestir starfsmenn þróunarsviðsins komið að þeirri vinnu. Haldnir hafa verið samráðsfundir með starfsmönnum ráðu-

neytisins og í apríl 2005 lagði Byggðastofnun endanleg drög fyrir ráðuneytið með markmiðum, áherslum og tillögum um aðgerðir. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur síðan haft samstarf við önnur ráðuneyti um nánari útfærslur og er gert ráð fyrir að ný byggðaáætlun verði lögð fyrir haustþing 2005.



Eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði

Verkefnið var unnið innan rammaáætlunar Evrópusambandsins um jafnrétti kynjanna. Í rannsókninni var staða kvenna atvinnurekstri skoðuð í tengslum við atvinnuþátttöku, menntun, lög og reglugerðir, menningu og stuðningsaðgerðir opinberra aðila. Helstu niðurstöður voru þær að þrátt fyrir að atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi sé með því hæsta sem þekktist í Evrópu eru einungis 20% fyrirtækja hér á landi rekin af konum og eru þau flest innan verslunar og þjónustu. Jafnframt kom fram að konur í atvinnulífinu telja að atvinnuráðgjöf og bankaferfið sé frekar sniðið að þörfum hefðbundinna karlagreina. Niðurstöðurnar benda til þess að kraftar kvenna til nýsköpunar og eflingar atvinnulífsins nýtist ekki eins og þeir ættu og gætu gert ef þeir væru nýttir til jafns við krafta karla. Í skýrslunni er m.a. lagt til að gerð verði úttekt á því hvort innra skipulag og starfshættir stofnana sem vinna að stuðningi við atvinnulífið þarfnist endurskipulagningar sem miði að því að laða að konur sem viðskiptavinir. Skýrsluna er

hægt að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.



Landshlutaáætlanir og byggðapróun

Byggðastofnun hefur tekið upp samstarf við Skipulagsstofnun í verkefni á sviði landshlutaáætlana sem byggist á skipulagsviðhorfum og aðferðum sem tíðkast í Evrópusambandinu, „Spatial Planning and Development“. Verkefnið mun verða unnið á árunum 2005 til 2007 og þess er vænst að mynd fáiast af því hvernig þessi aðferð hentar hér á landi og hvernig eigi að innleiða hana. Samkvæmt þessari aðferð eru aðstæður metnar saman með tilliti til sjálfbærrar þróunar, áætlanir samhæfðar og mótvægisáðgerðir skilgreindar á þeim þremur sviðum sem liggja til grundvallar sjálfbærri þróun, náttúruvari, samfélagi og efnahag.

Landshlutaáætlun er sameiginleg framtíðarsýn og stefnumótun fyrir stórt svæði, þar sem stefnt er að sjálfbærri þróun og samkeppnishæfni. Hún byggist á faglegum og lýðræðislegum grundvelli og getur því orðið leiðarvísir fyrir vaxtar- samninga og aðrar framkvæmdaáætlanir um tiltekin mál og tiltekin svæði.

Styrkir til atvinnuskapandi stuðningsverkefna

Þann 14. mars 2003 samþykkti ríkisstjórnin sérstaka 700 m.kr. fjárveitingu til atvinnuþróunarverkefna. Var þróunar- sviði falið að hafa frumkvæði um rekstur



vel mótaðra stuðningsverkefna sem eru til þess fallin að efla grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar á landsbyggðinni fyrir 150 m.kr. af þessari fjárhæð. Fyrstu styrkveitingar voru samþykktar síðla árs 2003 og vinna við val verkefna stóð út allt árið 2004 og var að mestu lokið um áramót.

Samþykktir hafa verið styrkir til 45 verkefna, sem er u.þ.b. helmingur þeirra umsókna sem bárust. Stærstur hluti styrkjanna fer til rannsókn- og þróunarverkefna, eða um 27%, en einnig fá mennta-, menningar- og markaðsmál drjúgan hluta styrkja, frá 18-23%. Rúmlega 10% eru til verkefna í ferðaþjónustu, en hafa ber í huga að slík flokkun skarast gjarnan, t.d. getur verkefni flokkast bæði innan ferðaþjónustu og menningargeira. Sem dæmi um verkefni sem styrkt hafa verið eru verkefnið „Máttur kvenna“ á vegum Viðskiptaháskólans á Bifröst, rannsókn Byggðarannsóknastofnunar á nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni, efling klasasamstarfs á landinu með verkefninu „Klasar á Íslandi“ á vegum Impru – nýsköpunarmiðstöðvar, verkefni um eflingu frumkvöðlafræðslu á vegum Frumkvöðlafræðslunnar SES á Höfn í Hornafirði, bygging sjókvía til rannsókna í þorskeldi á Vestfjörðum á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og rannsókn á högum og viðhorfum innflytjenda á Austurlandi og Vestfjörðum á vegum Fjölmenningarseturs. Mörg ferðaþjónustuverkefnanna eru Norðurlóðaverkefni (NPP), sem dæmi má nefna verkefni á vegum Háskóla Íslands, háskólaaseturs á Höfn í Hornafirði, um þau tækifæri sem

felast í búsetu nálægt þjóðgörðum, verkefni á vegum SSNV um eflingu ferðaþjónustu í strandhéruðum og tekur til svæða á Norðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi og verkefnið Snow Magic sem snýst um vetrarferðaþjónustu í Mývatnsveit. Mörg verkefnanna taka til landsins alls eða nokkurra svæða á landinu, eða þá að hægt er að nota þau til fyrirmyndar víðar.



SVÓT-greining

Haustið 2003 fól stjórn Byggðastofnunar þróunarviði stofnunarinnar uppfærslu á skýrslu Byggðastofnunar „Byggðalög í sókn og vörn“ frá október 2001 um stöðu sjávarbyggða á landinu. Ákveðið var að bæta við upplýsingum um aðra byggðakjarna. Skýrslan kom út í ágúst 2004 og er efni hennar tvískipt. Annars vegar eru birtar tölulegar upplýsingar um íbúapröun 1991-2003, efnahags- og rekstrarstöðu sveitarfélaga m.v. fjölda íbúa 2002, tekju- og fjárhagsstöðu íbúa eftir landshlutum 2003, þróun starfa eftir landshlutum 1998-2002 og hlutfall aflu og fiskvinnslu eftir landshlutum 1999-2003. Þar kemur m.a. í ljós að aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast með fjölgun í elstu aldurshópum, að færri eru í aldurshópnum 25-39 ára á landsbyggðinni en í höfuðborginni. Hins vegar var gerð SVÓT-greining byggð á viðtölum við bæjar- og sveitarstjóra í 53 sveitarfélögum, og rafrænni spurningakönnun sem sömu aðilar tóku þátt í. Þættir sem kannaðir voru snerta atvinnu- mál, nýsköpun og rannsóknir, samgöngur, búsetu, menntun, menningu og umhverfi. Aðferð SVÓT-greiningar er ein-

föld og leiðir í ljós hvar styrkurinn liggur, hvar skórin kreppir að, hvaða möguleikar eru fyrir hendi og hvaða hættur eru yfirvofandi ef ekkert er að gert. Styrkur og veikleikar eru oftast innri eiginleikar eða eitthvað sem viðkomandi hefur til ráðstöfunar. Byggja má á styrknum og bæta úr veikleikunum eða draga úr áhrifum þeirra með áherslubreytingum. Ógnanir og tækifæri eru oftast tengd ytra umhverfi eða aðstæðum, einhverju sem ekki er þegar til staðar, en krefst einhverra aðgerða til að nálgast eða forðast.



Fólksflutningur frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins er alvarlegt vandamál hérlendis. Íbúum hefur fækkað víðast hvar á landsbyggðinni og störfum hefur einnig fækkað, einkum í landbúnaði og fiskveiðum. Markmiðið SVÓT-greiningarinnar var að afla upplýsinga þannig að Bygðastofnun geti á skjótan hátt metið atvik sem kunna að koma upp í einstaka byggðarlögum og brugðist við þeim. Búseturöskunin stafar einkum af breyttum atvinnuháttum og breyttu gildismati fólks. Mismunandi landsvæði hafa mismunandi eiginleika og möguleika. Til að bregðast við búseturöskuninni er mikilvægt að þekkja hvar möguleikar byggðarlaganna liggja og úr hverju þarf að bæta. Það gefur heimamönnum vísbendingu um hvar helst er að leita fanga og stjórnvöldum vísbendingu um hvar mismunandi byggðaaðgerðir eru líklegastar til að skila árangri.

Vaxtarsamningar

Á vegum iðnaðarráðuneytisins var unnið að gerð svokallaðra vaxtarsamninga á árinu og kom Bygðastofnun að þeirri vinnu, sem er unnin í nánu samráði við heimamenn á hverju svæði. Á síðasta ári var sérstök byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð samþykkt og í kjölfarið var undirritaður sérstakur vaxtarsamningur fyrir Eyjafjarðarsvæðið, sem stofnunin á aðild að. Vaxtarsamningurinn er framkvæmdaáætlun (tíma-, vinnu- og kostnaðaráætlun) um nýsköpun á tilgreindum sviðum atvinnumála fyrir svæðið. Hann byggir á samkomulagi opinberra aðila og einkaaðila um leiðir til að ná settum markmiðum og er aðferð til þess að leiða saman mennta- og rannsóknastofnanir og fyrirtæki á þeim sviðum sem samningurinn nær til.

Meginhugmynd í vaxtarsamningnum er samstarf í svokölluðum klösum, þar sem leitast er við að efla samvinnu fyrirtækja og stofnana á ákveðnum sviðum sem á einhvern hátt geta unnið saman og nýtt styrkleika hvers annars, jafnvel þótt fyrirtækin séu að einhverju leyti í samkeppni. Meginsvið Vaxtarsamnings Eyjafjarðar eru matvælagreinar, ferðapjónusta, menntun og rannsóknir og heilbrigðisþjónusta.

Á árinu var unnið að sambærilegri úttekt á Vestfjörðum og reiknað með að gerður verði sérstakur Vaxtarsamningur Vestfjarða um mitt ár 2005.

Erlent samstarf

Þróunarsvið tekur þátt í ýmsu erlendu samstarfi. Má þar nefna NERP – Norræna embættismannanefnd um byggðamál en starfsmaður þróunarsviðs situr í nefndinni fyrir Íslands hönd. Þá eru starfsmenn þróunarsviðs fulltrúar í Íslands í sérfræðiráði Nordregio og stýrihópi rannsóknaráætlunar Nordregio en Nordregio er rannsóknarstofnun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem stundar rannsóknir í byggðamálum.

Þá hefur starfsmaður þróunarsviðs umsjón með tveimur erlendum verkefnum á sviði byggðamála hér á landi, þ.e. NORA – Norrænu Atlantsnefndinni og NPP – Norðurlóðaáætluninni. Er frekari grein gerð fyrir þessu á öðrum stað í árskýrslunni.

Loks er þess að geta að Byggðastofnun er beinn þátttakandi í þremur NPP verkefnum, SPN sem er á sviði skipulagsmála, BIRRA sem fjallar um hagnýtingu upplýsingatækni og DESERVE sem fjallar um aðgengi að þjónustu í dreifbýli.



Norðurlóðaáætlunin (Northern Periphery Programme - NPP)

Norðurlóðaáætlunin (Northern Periphery Programme - NPP) er hluti af Interreg III B áætlun Evrópusambandsins og nær til norðursvæða Finnlands, Svíþjóðar, Noregs og Skotlands, ásamt Grænlandi, Færeyjum og Íslandi. Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að eflingu atvinnu- og efnahagslífs byggða sem búa við svipaðar aðstæður á norðurlóðum. Með áætluninni er stuðlað að samstarfsverkefnum yfir

landamæri á milli sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana í aðildarlöndunum og þar með reynt að koma í veg fyrir að landamæri þjóðríkja hindri samstarf og framþróun byggða- og atvinnulífs, þannig að tækifæri og styrkleikar svæðanna fái notið sín sem best. Verkefnið innan NPP skapa mikilvæg tengsl og þekkingu sem byggja á alþjóðlegri samvinnu og framtaki.

Íslendingar gerðust aðilar í áætluninni vorið 2002 og eru þátttakendur í 22 verkefnum á vegum áætlunarinnar, sem teljast verður afar góður árangur.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur yfirumsjón NPP verkefnisins en NPP skrifstofan á Íslandi er staðsett hjá Byggðastofnun.



Annað

Þróunarsviðið á mikið samstarf við ýmsa aðila í rannsókn- og nýsköpunarsamfélaginu. Má þar nefna, Impru nýsköpunarmiðstöð, Útflutningsráð, Byggðarannsóknastofnun Íslands og raunar mun fleiri aðila.

Þá tekur þróunarsviðið þátt í margvíslegum starfshópum og nefndum og starfsmenn taka þátt í umræðum um byggðamál sé eftir því er leitað. Veittar eru umsagnir um þingmál og umhverfismat.

Starfi atvinnuráðgjafa í Vesturbyggð lauk um mitt sumar 2004 en um var að ræða tímabundið verkefni til tveggja ára. Atvinnu- og jafnréttisráðgjafi í Norðausturkjördæmi lét af störfum um síðastliðin áramót en þá lauk hluta samstarfsverkefnis Byggðastofnunar og félagsmálaráðuneytis í átaksverkefni um fjölgun atvinnutækifæra kvenna í Norðausturkjördæmi.

Fjárhagur og rekstur

Á árinu 2004 var tap af rekstri stofnunarinnar samkvæmt rekstrarreikningi, sem nam 385,5 m.kr.

Rekstrargjöld stofnunarinnar voru samtals rúmlega 928 m.kr. sem er lækkun um 151 m.kr. frá árinu 2003. Rekstrargjöldin skiptast þannig, að um 641 m.kr. eru vegna lánaumsýslu og er stærsti einstaki liður þar framlög í afskriftarreikning útlána um 463 m.kr. Sérgreindur kostnaður vegna þróunarstarfssemi er um 287 m.kr. og er stærsti einstaki liðurinn styrkir, um 177 m.kr., sem stofnunin veitir til ýmissa aðila, t.d. framlög til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni.

Vergur rekstrarkostnaður Byggðastofnunar árið 2004 var um 281 m.kr. og hafði hækkað um 6% frá fyrra ári. Kostnaðarþátttaka annarra nam um 13 m.kr. Hreinn rekstrarkostnaður stofnunarinnar var því um 268 m.kr., en nam um 252 m.kr. árið áður.

Niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar var 14.509 m.kr. um síðustu áramót, en nam 15.001 m.kr. í árslok 2003.

Talnakönnun hf. hefur reiknað út áfallnar lífeyrisskuldbindingar stofnunarinnar í árslok 2004. Lífeyrisskuldbindingar voru 572,0 m.kr. í ársbyrjun, en 649,6 m.kr. í árslok. Hækkun lífeyrisskuldbindinganna á árinu var 77,6 m.kr. Í samræmi við reglur FME er sú hækkun færð sem vaxtagjöld á rekstrarreikningi.

Eigið fé í árslok var 1.314 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og lækkaði um 385,5 m.kr. á árinu. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 9,59%. Varanlegir rekstrarfjármunir Byggðastofnunar voru 6,8% af eigin fé. Hlutfall eigin fjár stofnunarinnar af heildareign var 11,3% í upphafi ársins en 9,06% í árslok.

Samkvæmt lögum skal Byggðastofnun njóta framlags úr ríkissjóði eins og ákveðið

er í fjárlögum hverju sinni, og nam það 307 m.kr. á árinu 2004. Auk þessa fékk stofnunin 44,5 m.kr. framlag frá ríkissjóði í tengslum við áttak stofnunarinnar í nýsköpun. Fjárlög fyrir árið 2004 heimiluðu stofnuninni lántökur allt að 2.700 m.kr. Stofnunin átti ónotaða lántökuheimild frá árinu 2003 að fjárhæð 1.387 m.kr. Samtals námu því lántökuheimildir 4.087 m.kr. á árinu 2004.

Stofnunin bauð á árinu út verðtrygðan skuldabréfaflokk á verðbréfamarkaði, að fjárhæð 1.500 m.kr. Fastir árlegir vaxtavextir eru 4,5%. Skuldabréfin eru eingreiðslubréf með lokagjaldlega 10. mars 2015. Skuldabréfaflokkurinn er skráður hjá Kauphöll Íslands.

Í árslok 2004 átti stofnunin ónotaða lántökuheimild að fjárhæð 2.587 m.kr.

Heildarútlán námu 10.387 m.kr. í árslok 2004 en voru 12.560 m.kr. í árslok 2003. Í árslok 2004 voru vanskil 6,5% af útlánum, en þau voru 6,9% í árslok 2003. Virði innleystra eigna var 227 m.kr. um síðustu áramót, en hafði verið 402 m.kr. árið áður. Reynt er að meta eignir á raunhæfu söluverði.

Framlög í afskriftareikning útlána og niðurfært hlutafé námu 462,6 m.kr. á árinu 2004 en voru 664,4 m.kr. á árinu 2003. Afskriftarreikningur útlána var 1.211 m.kr. í árslok, sem var 10,65% af heildarútlánum. Samsvarandi hlutfall árið áður var 11,06%. Með tilliti til hlutverks stofnunarinnar er óhjákvæmilegt að afskriftarreikningur hennar sé nokkru hærri en hjá öðrum lánastofnunum.

LÁNSKJÖR - Lánskjör í árslok 2004

- Verðtrygð lán eru með 7,0% vöxtum.
- Gengistrygð lán eru veitt í tveimur myntum, Bandaríkjadal og Evru. Þau eru með breytilegum vöxtum (sex mánaða LIBOR) með 2,25% álagi. Samanlagt voru vextir í árslok 2004 á lánum í Bandaríkjadöllum 5,03% og á lánum í Evru 4,47%.
- Lántökugjald er 1,5%.
- Lánstími getur verið frá 6-20 ár, en algengast er 10-15 ár.

Sérgreindur rekstrarreikningur ársins 2004

	Lánaumsýsla þús.kr.	Þróunarstarfsemi þús.kr.	Samtals þús.kr.
VAXTATEKJUR			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	112.782		112.78
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	1.045.500		1.045.500
	<u>1.158.282</u>		<u>1.158.282</u>
VAXTAGJÖLD			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	819.020		819.020
Önnur vaxtagjöld	70.081		70.081
	<u>889.101</u>		<u>889.101</u>
HREINAR VAXTATEKJUR	269.181		269.181
REKSTRARTEKJUR			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum		307.100	307.100
Framlag ríkissjóðs v. 150 m kr.		44.502	44.502
Gengismunur	-106.295		-106.295
Aðrar rekstrartekjur	23.682	4.759	28.441
	<u>186.568</u>	<u>356.361</u>	<u>542.929</u>
REKSTRARGJÖLD			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa		120.218	120.218
Veittir styrkir		56.660	56.660
Laun og launatengd gjöld	92.131	66.382	158.513
Annar rekstrarkostnaður	78.660	43.942	122.602
Afskriftir fasteigna	7.836		7.836
Framlög í afskriftarreikning útlána	462.563		462.563
	<u>641.190</u>	<u>287.202</u>	<u>928.392</u>
Hagnaður (tap) ársins af reglulegri starfsemi	<u>-454.622</u>	<u>69.159</u>	<u>-385.463</u>
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	-454.622	69.159	-385.463



**Ársreikningur
Byggðastofnunar
2004**

Áritun stjórnar Byggðastofnunar

Ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2004 er gerður eftir hliðstæðum reikningskilavenjum og undanfarin ár. Á árinu var tap af rekstri stofnunarinnar samkvæmt rekstrarreikningi sem nam 385,5 m.kr. Eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 1.314 m.kr. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 9,59%.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. mars 2005

Herdís Á. Sæmundardóttir
Formaður stjórnar

<i>Guðjón Guðmundsson</i>	<i>Kjartan Ólafsson</i>
<i>Drífa Hjartardóttir</i>	<i>Soffía Vagnsdóttir</i>
<i>Þorvaldur T. Jónsson</i>	<i>Örlygur Hnefill Jónsson</i>

Aðalsteinn Þorsteinsson
Forstjóri

Magnús Helgason
Forstöðumaður rekstrarsviðs

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2004 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Byggðastofnunar á árinu 2004, efnahag hennar 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 4. mars 2005

ERNST & YOUNG HF.

Arni Snæbjörnsson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR 2004

<i>Skýring</i>	2004	2003
VAXTATEKJUR	Þús. kr.	Þús. kr.
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir	112.782	42.372
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum	1.045.500	1.060.592
	1.158.282	1.102.964
VAXTAGJÖLD		
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	819.020	600.627
Önnur vaxtagjöld	70.081	60.620
	889.101	661.248
<i>Hreinar vaxtatekjur</i>	269.180	441.716
REKSTRARTEKJUR		
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	307.100	287.410
Annað framlag ríkissjóðs	44.502	100.000
Gengismunur	(106.295)	(118.307)
Aðrar rekstrartekjur	28.440	28.190
	273.747	297.292
<i>Hreinar rekstrartekjur</i>	542.928	739.009
REKSTRARGJÖLD		
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa	120.218	114.728
Veittir aðrir styrkir	56.660	27.725
Laun og launatengd gjöld 5,6	158.513	155.977
Annar rekstrarkostnaður	122.602	108.743
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	7.836	7.836
Framlög í afskriftareikning útlána og niðurfært hlutafé 2,10	462.563	664.366
	928.391	1.079.375
Hagnaður (tap) ársins af reglulegri starfsemi	(385.463)	(340.366)
AÐRAR TEKJUR OG GJÖLD		
Framlög ríkissjóðs vegna átaks í nýsköpun	0	347.600
	0	347.600
Hagnaður (tap) ársins	(385.463)	7.234

Efnahagsreikningur

EIGNIR	Skýring	2004 Þús. kr.	2003 Þús. kr.
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Bankainnstæður og verðbréf	7	2.620.525	1.067.848
		<u>2.620.525</u>	<u>1.067.848</u>
Útlán			
Útlán til viðskiptavina	1,8	10.159.621	12.158.092
Fullnustueignir	9	227.120	402.388
		<u>10.386.741</u>	<u>12.560.481</u>
Eignahlutir í félögum			
Hlutabréf	11	1.324.478	1.183.469
		<u>1.324.478</u>	<u>1.183.469</u>
Aðrar eignir			
Skuldunautar		87.320	91.749
Varanlegir rekstrarfjármunir	1,12	89.659	97.495
		<u>176.979</u>	<u>189.244</u>
Eignir samtals		<u>14.508.723</u>	<u>15.001.042</u>

31. desember 2004

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	Skýring	2004 Þús. kr.	2003 Þús. kr.
Lántökur			
Verðbréfaútgáfa	1,14	7.418.524	5.419.219
Lán frá lánastofnunum		4.886.253	7.080.978
		<u>12.304.777</u>	<u>12.500.197</u>
Aðrar skuldir			
Afskriftareikningur vegna veittra ábyrgða		60.321	58.812
Skuldheimtumenn		180.043	170.538
		<u>240.363</u>	<u>229.350</u>
Reiknaðar skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbindingar	3	649.601	572.049
		<u>649.601</u>	<u>572.049</u>
Skuldir samtals		<u>13.194.741</u>	<u>13.301.597</u>
Eigið fé	4,15	<u>1.313.982</u>	<u>1.699.445</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>14.508.723</u>	<u>15.001.042</u>
Utan efnahagsreiknings			
Veittar ábyrgðir		421.929	1.354.633

Sjóðstreymi 2004

	2004 Þús. kr.	2003 Þús. kr.
Handbært fé (til) frá rekstri		
Hagnaður (tap) ársins	(385.463)	7.234
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:</i>		
Framlag í afskriftarreikning útlána og niðurfært hlutfé	465.349	673.474
Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga	77.552	70.891
Framlag ríkisins vegna Ferðamálasjóðs	0	(100.000)
Afskriftir fasteigna	7.836	7.836
Vextir, verðbætur og gengismunur	698.678	219.493
Ógreiddir styrkir	(7.270)	1.790
Hreint veltufé frá rekstri	856.682	880.718
 Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána	2.607.894	1.365.506
Veitt lán	(1.331.231)	(1.624.808)
Innleystar eignir	(9.612)	5.372
Hlutabréf	(220.461)	(324.140)
Yfirteknar eignir Ferðamálsjóðs	0	(874.558)
Lán og framlag v/ yfirtekinna eigna Ferðamálasjóðs	0	874.558
Skuldunautar	4.429	(80.427)
Fjárfestingarhreyfingar	1.051.018	(658.498)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum	(1.932.584)	(824.876)
Nýjar lántökur	1.560.787	1.417.467
Skuldheimtumenn	16.774	(13.949)
Fjármögnunarhreyfingar	(355.023)	578.642
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.552.677	800.862
Handbært fé í ársbyrjun	1.067.848	266.986
Handbært fé í árslok	7	2.620.525
	1.067.848	

Skýringar með ársreikningi 2004

1. Reikningsskilaöferðir

Ársreikningur Byggðastofnunar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru reiknaðar sem árlegur hundradshluti af stofnverði. Nánar er getið um afskriftir í skýringu nr. 12. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2005. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok og skuldir í erlendum gjaldmiðlum í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok.

2. Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftareikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

3. Lífeyrisskuldbindingar

Samkvæmt útreikningi tryggingafræðings eru lífeyrisskuldbindingar áætlaðar 650 milljónir króna í árslok 2004. Í samræmi við reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana eru reiknaðir vextir og verðbætur á áfallnar lífeyrisskuldbindingar sem færast meðal vaxtagjalda, en á móti sem hækkun á lífeyrisskuldbindingum.

4. Eigið fé.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eigið fé lánastofnunar á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af svonefndum áhættugrunni. Í árslok 2004 var eiginfjárlutfall Byggðastofnunar samkvæmt framansögðu 9,59%.

2004 **2003**
Þús. kr. Þús. kr.

5. Laun og launat. gjöld

Laun	120.912	107.082
Lífeyrissjóðsframlög	28.997	41.468
Önnur launatengd gjöld	8.603	7.427
	<u>158.513</u>	<u>155.977</u>

Að meðaltali störfuðu um 23 starfsmenn hjá stofnuninni á árinu 2004 m.v. heilsársstörf. Í árslok 2004 voru 23 starfsmenn á launaskrá hjá fyrirtækinu.

6. Þóknir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

Herdís Á. Sæmundardóttir, stjórnarformaður	1.871	
Aðrir stjórnarmenn(6)	5.561	
Varamenn(3)	214	
Theodór Bjarnason, fv. forstjóri	4.298	
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri	8.913	
Samtals	<u>20.856</u>	

7. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í innlendri og erlendra mynnt og gjaldkræfum kröfum á lánastofnanir.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Bankainnstæður í ísl. krónum	590.957	1.064.017
Bankainnstæður í erl. mynnt	82.066	257
Önnur bankainnlán	1.947.502	3.574
	<u>2.620.525</u>	<u>1.067.848</u>

8. Útlán

Sundurliðað eftir lántakendum		
Bæjar og sveitarfélög	1,89%	1,67%
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur	40,48%	45,28%
Iðnaður	14,56%	13,04%
Þjónustustarfsemi	34,11%	30,58%
Fiskeldi	4,38%	4,92%
Ósundurliðað	4,57%	4,50%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

Þús. kr. Þús. kr.

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur	671.147	872.020
Allt að 3 mánuðum	818.175	
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	671.043	1.326.497*
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.251.148	4.703.766
Yfir 5 ár	4.748.108	5.253.809
	<u>10.159.621</u>	<u>12.158.092</u>

*Allt að ári

9. Fullnustueignir	2004	2003
Fasteignir	226.820	336.936
Lausafjármunir	300	4.699
	<u>227.120</u>	<u>341.635</u>

10. Afskriftareikningur útlána

Samkvæmt reglugerð Bygðastofnunar skal mynda afskriftareikning útlána er sýni á hverjum tíma þá áhættu sem tekin hefur verið og fólgin er í útlánum stofnunarinnar. Jafnarðan og ákvarðanir eru teknar um lánveitingar, ábyrgðir og hlutafjárþátttöku skal taka tillit til þeirrar áhættu sem af þeim leiðir, með framlagi í afskriftareikning. Þannig er myndaður afskriftareikningur gagnvart sérhverri lánveitingu stofnunarinnar.

Hreyfingar í þús. króna:	2004	2003
Afskriftareikningur í ársbyrjun	1.512.509	1.644.237
Framl. Ferðamálasj. v/kaupa	0	90.000
Framlagi í afskriftareikning	384.387	444.315
Endanlega töpuð útlán	(686.280)	(666.043)
	<u>1.210.616</u>	<u>1.512.509</u>

Framlag á árinu	384.387	444.315
Framlag vegna ábyrgða	1.509	(4.855)
Lækkun á mati hlutabréfaeignar	79.453	234.014
Innkomin áður afskrifuð útlán	(2.786)	(9.108)
Framlög í afskriftareikning skv. rekstrarreikningi	<u>462.563</u>	<u>664.366</u>

Afskriftareikn. útlána í hlutfalli af útlánum	10,65%	11,06%
---	--------	--------

11. Hlutafjáreign

Í árslok átti Bygðastofnun eftirtalin hlutabréf, sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

	Eignarhluti %	Nafnverð Þús. kr.
Eignarhaldsfélög:		
Eignarhaldsfélag Austurlands hf	40,00%	120.000
Eignarhaldsfélag Glámu hf	40,00%	102.000
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf	19,40%	96.840
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf	40,00%	109.160
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf	33,76%	78.500
Hvetjandi ehf.	29,44%	19.400
Vesturland hf., eignarhaldsfélag	40,00%	120.541
Tækifæri ehf	39,99%	217.072

Eignarhaldsfélög samtals 863.513

Atvinnuþróunarfélög:

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	20,00%	1.200
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf	33,30%	1.500
Hagfélagið	28,90%	500

Atvinnuþróunarfélög samtals 3.200

Önnur félög:	%	Þús. kr.
Aðlöðun ehf.	5,42%	1.714
Ámundarkinn ehf.	18,60%	8.000
Ásgarður ehf.	15,47%	15.000
Baðfélag Mývatnssveitar ehf.	20,83%	25.000
Bakkavík hf.	16,61%	31.097
Bíldælingur	30,00%	9.000
Dalagisting ehf., Búðardal	16,31%	8.000
Dýralíf ehf.	28,92%	4.000
Eignarhaldsfél. Hallormur ehf.	20,00%	2.814
Eldisfóður hf.	40,00%	1.200
Ferðaskrifstofa Austurlands ehf.	29,03%	4.500
Feyging ehf.	14,44%	17.491
Fjallalamb hf.	15,43%	10.000
Fjarðaraldan hf.	29,88%	15.000
Fjölnet hf.	20,63%	10.000
Forsvar ehf.	30,00%	4.500
Frumkvöðlasetur Austurlands	23,02%	2.800
Gjöll ehf.		4.000
Grand hótél Mývatn ehf.	15,50%	10.000
Hitaveita Dalabyggðar	26,67%	20.000
HotMobileMail ehf.	24,53%	15.000
Hótél Flúðir hf.	19,38%	9.327
Hótél Hellissandurhf.	8,62%	5.000
Hótél Ísafjörður hf.	17,55%	8.680
Hótél Varmahlíð hf.	13,04%	3.000
Íslenska polyofélagið ehf.	26,18%	5.000
Ísprjón ehf.	33,07%	6.376
Kjörorka ehf.	8,25%	2.000
Laugarhóll ehf.	17,15%	5.000
Lónið ehf.	28,44%	6.106
Lónshöfn ehf.	18,44%	3.300
MT Bílar ehf.	18,31%	133
Mýflug hf.	27,57%	8.789
Mýrdælingur ehf.	23,89%	2.000
Norðurós ehf.	6,40%	1.833
Norðvestur bandalagið hf.	3,61%	10.000
ORF Líftækni hf.	5,88%	3.000
Plastmótun ehf.	7,82%	733
P/F Smyril-line	3,22%	55.650
Rennex ehf.	10,71%	600
Reykofninn ehf.	19,80%	6.667
Reynihlíð hf.	27,47%	5.000
Saxa smiðjufélag ehf.	24,22%	11.230
Skaginn hf.	8,89%	2.984
Sindrabergh hf.	21,13%	25.000
Sláturfélag Austurlands fsvf.	28,00%	18.000
Sláturhúsið í Búðardal ehf.	77,04%	11.000
Snerpa ehf.	21,43%	750
Snorri Þorfinnsson ehf.	28,66%	12.000
Sumarbyggð ehf.	23,36%	2.500
Sæferðir ehf.	24,39%	20.000
Textíll ehf.	28,91%	3.500
Trésmiðjan Borg ehf.	22,39%	10.000
Trico ehf.	9,09%	1.000
Tröllasteinn ehf.	18,92%	7.000
Yrkjar ehf.	13,85%	1.800
Vesturferðir ehf.	20,48%	4.000

Pörungaverksmiðjan hf.	32,16%	7.919
Þvottatækni ehf.	30,00%	729

Önnur félög samtals þús. kr. 506.722

Hlutafjareign samtals þús. kr. 1.373.435

Hlutabréf eru bókfærð í ársreikningi á kr. 1.324.478 þús.kr.

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í þús.króna:

	Fasteignir Innréttingar	
Stofnverð 1.1.	95.806	29.601
Stofnverð 31.12	<u>95.806</u>	<u>29.601</u>
Afskrifað 1.1.	16.842	11.069
Afskrifað á árinu	<u>1.916</u>	<u>5.921</u>
Afskrifað samtals	18.758	16.990
Bókfært verð 31.12	<u>77.048</u>	<u>12.611</u>

Fasteignamat húsa og lóða í árslok nam 45,6 milljónum króna.
Brunabótamat sömu eigna nam á sama tíma 111,2 milljónum króna.

13. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum - verðtryggingu

	2004 Þús. kr.	2003 Þús. kr.
Gengisbundið:		
Gengisbundnar eignir	5.041.423	5.667.072
Gengisbundnar skuldir	<u>4.059.974</u>	<u>6.245.481</u>
Mismunur	<u>981.449</u>	(578.409)
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	5.065.437	6.491.277
Verðtryggðar skuldir	<u>8.244.803</u>	<u>6.253.098</u>
Mismunur	<u>(3.179.366)</u>	238.179

14. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	2004 Þús. kr.	2003 Þús. kr.
Allt að 3 mánuðum	919.186	
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	622.092	1.093.910*
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.702.277	6.361.124
Yfir 5 ár	<u>7.061.222</u>	<u>5.045.163</u>
Samtals	<u>12.304.777</u>	<u>12.500.197</u>

*Allt að ári

15. Eigið fé

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárvæðum laga

	2004 Þús. kr.	2003 Þús. kr.
Eiginfjárþáttur A	1.313.982	1.699.445
Samtals	<u>1.313.982</u>	<u>1.699.445</u>
Áhættugrunnur	13.698.142	15.669.551
Eiginfjárlutfall	<u>9,59%</u>	<u>10,85%</u>

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2004	1.699.445	1.699.445
Tap ársins	<u>(385.463)</u>	<u>(385.463)</u>
Samtals	<u>1.313.982</u>	<u>1.313.982</u>

16. Þóknarir endurskoðenda greinast þannig:

	Þús. kr
Endurskoðun	3.099
Önnur sérfræðipjónusta	4.713
Samtals	7.812

Útborgaðir styrkir og hlutafé

Eftirfarandi listi miðast við útborgaða styrki á árinu. Á rekstrarreikningi kemur til viðbótar gjaldfærsla vegna samþykktar styrkja sem ekki hafa verið borgaðir út, en til frádráttar kemur samskonar gjaldfærsla frá árinu áður vegna þeirra styrkja sem þá voru samþykktir en ógreiddir.

	Þús. kr.		Þús. kr.
Akranes		Austur-Hérað	
Fjölbrautaskóli Vesturlands. Tækjakaup	350	Samtökin Landsbyggðin lifir. Byggðaping 2004	300
		Þjóðahátíð Austfirðinga 2004	350
Ísafjarðarbær		Fjarðabyggð	
Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða.		Hljóðver Helga Fr. Kemp	500
Menntasmiðja fyrir konur á Bíldudal	300	Uppbygging stríðsminjasafns	350
Hólmavíkurhreppur		Breiðdalshreppur	
Snævar Guðmundsson Styrkur til vetrarsamgangna	1.000	Njáll Torfason. Verkefnið "Austfjarðatröll"	250
Þórður Halldórsson Styrkur til vetrarsamgangna	1.000	Hornafjörður	
Húnaþing vestra		Frumkvöðlasetur Austurlands ehf. Starfsemi setursins	400
Stefnumótunarverkefni í atvinnumálum	500	Undirbúningshópur að stofnun fuglaathugunarstöðvar á Höfn. Bygging fuglaathugunarstöðvar	250
Blönduós		Villingaholtshreppur	
Þjónustuhús við Þingeyrarklausturskirkju	600	Félagshemilið Þjórsárver. Sýningin „Hugvit og hagleikur“	200
Skagafjörður		Ferðamálanefnd Austur-Flóa. Efling ferðaþjónustu	400
Handverksfélagið Fléttan. Uppbygging félagsins	200	Árborg	
Jón S. Eiríksson. Endurbætur og viðhald á lendingu og uppgöngu í Drangey	500	Torfi Áskelsson. Töfragarður á Stokkseyri	300
Karllakórinn Heimir. Söngleikur	200	Veiðisafnið ses. Stofnun Veiðisafns á Stokkseyri	300
Kvenfélag Sauðárkróks. Dægurlagakeppni Kvenf. Skr. Landsmót hestamanna ehf. Sýning á ljósmyndum og listaverkum um íslenska hestinn	100	Hveragerði	
Landsmótsnefnd UMFÍ 2004, Kynningarblað fyrir Landsmót UMFÍ	100	Kammerkór Suðurlands	
Skotta ehf v.Gangnamannafélag Austurdals, Heimildarmynd fyrir sjónvarp	300	Útgáfa geisladisks og koma Sir John Tavener til Íslands	200
Veiðifélag Höfðavatns. Lokun á ós Höfðavatns	500	Vestmannaeyjar	
Véla- og samgönguminjasafnið í Stóragarði		Guðmunda ehf / Viking Tours.	
Uppbygging safnsins	400	Þjónustumiðstöð Viking Tours	250
Siglufjörður		Garður	
Kammerkór Norðurlands Starfsemi kórsins	100	Útskálaskókn. Bygging menningarseturs að Útskálum í Garði	600
Síldarminjasafnið á Siglufirði. Uppbygging á báta- og veiðarfærasyfningu	1.000	Reykjanesbær	
Grimsey		Atvinnuráðgjöf Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum	
Gistiheimilið Básar. Rekstur gistiheimilis	200	Átak í markaðsmálum ferðaþjónustuaðila	300
Hrísey		Sandgerði	
Slökkvilið Hríseyjar. Kaup á slökkvibíreið	400	Marta Eiríksdóttir. Þróunarverkefni	200
Dalvíkurbyggð		Óstaðsett	
Fiskidagurinn mikli á Dalvík 2004	250	Helga B. Ragnarsdóttir og Bjarnheiður Jóhannsdóttir	
Akureyri		Sýninga- og ráðstefnuröðin „Athafnakonur“	1.000
Listasafnið á Akureyri. Verkefnið „Kenjar eftir Goya“	200	Djassklúbbur Egilsstaða. Djasshátíð Egilsstaða 2005	300
Safnasafnið - Alþýðulistasafn Íslands. Skráning listaverka, gerð heimasíðu og tenging við Menningargætt (hluti B)	500	Félag um varðveislu Seljavallalaugar. Varðveisla laugarinnar	400
Þingeyjarsveit		Ferðamálasamtök Íslands. Námskeið fyrir ferðaþjónstuaðila á Íslandi	500
Kaup á rafrænum tímatökubúnaði	350	Guðmundur Karlsson. Siglingar með ferðamann til Flateyjar á Skjálfanda	300
Samgönguminjasafnið Ystafelli. Bygging sýningarsals	300	Ingibjörg Hanna Pétursdóttir.	
Stóruvellir ehf. Enduruppbygging á aðstöðu og búnaði	300	Íslensk almannatengsl ehf. Styrkur vegna AFE	50
Öxarfjarðarhreppur		Hönnun, þróun og markaðssetning á nýrri ullarvöru	800
Starfsemi ferðamálafultrúa	800	Línuhönnun, verkfræðistofa Verkefnið „Stjörnueldur“	250
Vopnafjörður		Listahátíð í Reykjavík. Verkefnissamningur við Byggðastofnun	1.000
Eldisfóður ehf. Meltugerð í loðýrafóður	250	Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands	
Borgarfjörður eystri		Stóra upplestrarkeppninnar	300
Kjarvalsstofa, sjálfseignarstofnun		Samtals 22.400	
2. áfangi í verkefnisáætlun Kjarvalsstofu	800		
Seyðisfjörður			
Tækniminjasafn Austurlands Bryggjuhús á Wathnestorfunni	600		

Hlutfé

	Þús kr.
GECA hf., Akranes. Hlutfjárþátttaka í félaginu	10.000
Skaginn hf., Akranes. Nýsköpun 2003	25.000
Trico ehf., Akranes. Fjárhagsleg endurskipulagning	6.000
Yrkjar ehf., Eyja- og Miklaholtshreppar. Nýsköpun 2003	3.600
Reykofninn-Grundarfirði ehf., Grundarfjörður. Nýsköpun 2003	10.000
Bíldælingur ehf., Vesturbyggð. Hlutfjáráukning í félaginu	9.000
Aðlöðun hf., Ísafjarðarbær. Uppsetning á beituverksmiðju.	6.000
Hvetjandi ehf., Ísafjarðarbær. Eignarhaldsfélag á norðanverðum Vestfjörðum	19.400
HotMobile Mail ehf., Bolungarvík. Nýsköpun 2003	15.000
Forsvar ehf., Húnaþing vestra. Hlutfjárþátttaka í félaginu	2.200
Ámundakinn ehf., Blönduós. Hlutfjárþátttaka í félaginu	8.000
Norðurós ehf., Blönduós. Nýsköpun 2003	4.000
Textill ehf., Blönduós. Hlutfjáráukning í félaginu	2.500
Textill ehf., Blönduós. Markaðssetning á vöru	1.000
Fjölnet hf., Skagafjörður. Nýsköpun 2003	10.000
Trésmiðjan Borg ehf., Skagafjörður. Endurskipulagning og endurfjármögnun	10.000
MT Bílar ehf., Ólafsfjörður. Nýsköpun 2003	12.500
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Húsavík. Hlutfjáráukning í félaginu	333
Baðfélag Mývatnssveitar ehf., Skútustaðahreppur. Nýsköpun 2003	25.000
Fjallalamb ehf., Öxarfjarðarhreppur. Hlutfjárþátttaka í félaginu	10.000
Lónið ehf., Þórshöfn. Breyting á gjaldföllum vöxtum í hlutfé	4.634
Lónshöfn ehf., Þórshöfn. Breyting á lánum í hlutfé	3.300
Ferðaskrifstofa Austurlands ehf., Austur-Hérað. Hlutfjárþátttaka í félaginu	4.500
Hótel Aldan ehf. (Fjarðaraldan hf.), Seyðisfjörður. Endurbygging húsa fyrir „húshótel“ í „Aldamótabænum“ Seyðisfirði	1.500
Þvottatækni ehf., Seyðisfjörður. Nýsköpun 2003	6.039
Saxa smiðjufélag ehf., Stöðvarfjörður. Nýsköpun 2003	9.230
Frumkvöðlasetur Austurlands ehf., Hornafjörður. Stofnun frumkvöðlaseturs	1.400
Gjöll ehf., Hornafjörður. Framleiðsla kvikmyndar eftir Bjólfskviðu	4.000
Kjörorka ehf., Hvolsvöllur. Nýsköpun 2003	8.000
Plastmótun ehf., Árborg. Fjárhagsleg endurskipulagning	11.000
Feyging ehf., Ölfus. Nýsköpun 2003	22.000
Feyging ehf., Ölfus. Hlutfjáráukning í félaginu	4.000
Íslenska polyolfélagið ehf., Vestmannaeyjar. Nýsköpun 2003	5.000
ORF Líftækni hf., Reykjavík. Nýsköpun 2003	30.000
Transfer ehf., Reykjavík. Yfirtaka á skipinu Helterma	375

Samtals 304.511

Framlög til atvinnuþróunarfélaga

	Þús. kr.
Borgarbyggð , Atvinnuráðgjöf Vesturlands	16.950.000
Ísafjarðarbær , Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	19.950.000
Blönduós , Atvinnuþróunarfélag Norðurlands vestra	16.950.000
Akureyri , Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar	9.887.500
Húsavík , Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	9.410.000
Austur-Hérað , Þróunarstofa Austurlands	19.950.000
Árborg , Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands	16.950.000
Reykjanesbær , Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum	10.170.000

Samtals 120.217.500



Lög og reglugerð um Byggðastofnun

Lög um Byggðastofnun

Lög nr. 106 frá 27. desember 1999.

I. KAFLI Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlagum.

3. gr.

Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfundur Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð. Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.
4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.
5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutfjárkaup og þátt-

töku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.

9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni.
11. Önnur verkefni sem iðnaðarráðherra felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

5. gr.

Forstjóri.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

6. gr.

Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um:
 - a. starfsskipulag stofnunarinnar,
 - b. rekstrar- og starfsáætlun,
 - c. áherslur í starfsemi,
 - d. lántökur og heildarlántlán,
 - e. reglur um lánakjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI Starfsemi.

7. gr.

Byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlunum á sviði opinberrar þjónustu í landinu. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar í landinu. Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum. Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

8. gr.

Rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknnum og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr.

Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

10. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr. Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lána-starfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi. Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

12. gr.

Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem iðnaðarráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

**III. KAFLI
Önnur ákvæði.**

13. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar. Ársreikningum skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

14. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
2. Fjármagnstekjur.

15. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

16. gr.

Fjárvarsla.

Handbært fé Byggðastofnunar skal geyma á reikningum í bönkum og sparisjóðum eða tryggum verðbréfum.

17. gr.

Undanþága frá gjöldum og sköttum.

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr.

Pagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir pagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Pagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Reglugerð.

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

20. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

REGLUGERÐ fyrir Byggðastofnun

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr.

Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaflytun og rannsóknunum.

3. gr.

Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðarþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórn Byggðastofnunar mótast stefnu fyrir stofnuna og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánastarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis. Ennfremur skipan og starfsskipulag lánanefndar, viðmiðun við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr.

Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Starfsemi.

6. gr.

Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Byggðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

1. Fyrirtækjasvið sem annast m.a. lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.
2. Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.
3. Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.
4. Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.

7. gr.

Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert. Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinna verkefna. Þar skal einnig vera rekstraráætlun fyrir hvernig en lánastarfsemina. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé. Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftar-

reikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt. Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI Atvinnuráðgjöf.

8. gr.

Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja. Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi. Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðaþróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr.

Efling búsetuþátta.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu. Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr.

Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði. Byggðastofnun metur áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi, ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr.

Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr.

Stefnumótandi byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl.

Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaáætlunar. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti. Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta stefnumótandi byggðaáætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr.

Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefni og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnafndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr.

Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskjör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti fram-sækinna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhagslegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr.

Umsóknir um lán.

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnis-sjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknareyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnuþróunarfélögum.

16. gr.

Eftirgjöf lána.

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldberum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar Ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr.

Takmarkanir.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum:

Hafnafjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaða-hreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærri fjárhæð en svarar til 17% að teknu tillit til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarþáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundraðshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsaðstoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hverju sinni.

V. KAFLI

Þátttaka í atvinnurekstri.

18. gr.

Stofnun fyrirtækja.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almennt séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutfjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutfjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélag, þar með talin atvinnuþróunarfélög. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutfé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutfé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmuni stofnunarinnar.

19. gr.

Sala hlutabréfa (eignarhluta).

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfamarkaði. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutfjárreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr.

Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði slíkrar aðildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutfjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

22. gr.

Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr.

Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milli-göngu annarra aðila.

24. gr.

Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr.

Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er

starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimilt í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi. Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Íðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.

